

Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 135/1677
komudagur 5.3.2008

Akranesi 04. mars 2008
Tilvísun: L08020020/022.1/MG/rlb


Efni: Umsögn Landmælinga Íslands um tillögu til þingsályktunar um lagningu raflína í jörð, 315. mál

Vísað er í bréf frá umhverfisnefnd Alþingis dagsett 20. febrúar sl. þar sem óskað er eftir að Landmælingar Íslands sendi inn umsögn um tillögu til þingsályktunar um lagningu raflína í jörð, 315. mál.

Stafrænn kortagrunnur Landmælinga Íslands (IS 50V) skiptist í meginatriðum í 7 lög: hæðarlínur, stjórnsýslumörk, mannvirki, samgöngur, vatnafar, yfirborð og örnefni. Í mannvirkjalaginu eru m.a. raflínur. Aðaláhersla fram til þessa hefur verið að safna gögnum um raflínur sem liggja ofanjarðar og það er ekki stefnt að því að hafa í IS 50V grunnum upplýsingar um raflínur neðanjarðar (heimild: IS 50V innihaldslýsing).

Mikilvægt er að stofnanir og fyrirtæki sem bera ábyrgð á lögnum í jörðu séu með þær kortlagðar á stafrænan hátt og unnt sé að fá aðgang að slíkum upplýsingum.

Með kveðju


Magnús Guðmundsson
forstjóri